

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 1996

12. september 1996

1229

Nr 487

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Frá og með 13. september til og með 27. september 1996 eru allar loðnuveiðar bannaðar sunnan 68°00'N milli 18°30'V og 21°00'V.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. september 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.